

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Guðjóni S. Brjánssyni um dráttarvexti í greiðsluskjóli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða sveitarfélög hafa ekki fylgt þeim niðurstöðum dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 159/2017 að óheimilt sé að reikna dráttarvexti á kröfur þann tíma sem skuldara hefur verið skylt að fresta greiðslum samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010?
2. Telur ráðherra koma til greina að knýja á um að sveitarfélög fylgi niðurstöðum hins fyrrnefnda dóms með því að fella niður eða endurgreiða dráttarvexti af kröfum á hendur einstaklingum sem hafa sótt um greiðsluaðlögun? Ef svo er, hvernig?
3. Hvaða úrræði hafa almennir borgarar til að leita réttar síns þegar sveitarfélög hafa krafist þá um greiðslur gjalda eða vaxta af þeim í andstöðu við lög?

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvort og þá hvaða sveitarfélög hafa ekki fylgt niðurstöðum dóms Hæstaréttar í tilvitnuðu máli. Leitað var til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem reyndist ekki heldur búa yfir slíkum upplýsingum.

Um framkvæmd greiðsluaðlögunar einstaklinga fer eftir lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, en þau eru á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra. Þá skal embætti umboðsmanns skuldara, sem heyrir undir félags- og barnamálaráðherra, gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Framkvæmd greiðsluaðlögunar einstaklinga fellur því utan málefnasviðs samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stofnana sem undir hann heyrir.